

Skuldir :

1. Skuldir í erlendri mynt	kr.	105 127 785.16
2. Seðlabanki Íslands	—	40 000 000.00
3. Framkvæmdabanki PL 480	—	28 948 310.00
4. Innstæður lántakenda	—	392 035 784.00
5. Viðskiptamenn	—	833 314.94
6. Stofnsjóður	—	710 000 000.00
7. Afskriftareikningur	—	23 000 000.00
8. Yfirfært til næsta árs	—	773 593.12

 Kr. 1 300 718 787.22

Reykjavík, 31. desember 1966.

FISKVEIÐASJÓÐUR ÍSLANDS**Jóhannes Elíasson.****Finnbogi Rútur Valdimarsson.****Jónas G. Rafnar.****Elías Halldórsson.**

Reikning þennan höfum við endurskoðað og horið saman við bækur og skjöl sjóðsins og ekkert fundið við hann að athuga.

Reykjavík, 21. febrúar 1967.

Sverrir Júlíusson. Einar Bjarnason.

6. júní 1967.

Nr. 97.

REGLUGERÐ

**um notkun rotvarnarefna til geymslu á síld, loðnu
og öðrum bræðslufiski.**

1. gr.

Í verksmiðjum má ekki nota nitritefni (hrein efni eða blöndur) við geymslu á síld, loðnu eða öðrum bræðslufiski, nema að fengnu leyfi Rannsóknastofnunar fiski-
iðnaðarins. Rannsóknastofnunin getur afturkallað slík leyfi fyrirvaralaust, ef notk-
unarreglum er ekki fylgt.

2. gr.

Leyfi til notkunar nitritefna verður því aðeins veitt, að verksmiðjan hafi í þjón-
ustu sinni kunnáttumann, sem kann skil á notkun rotvarnarefna og getur auk þess
frankvæmt nitritákvæðanir á hráefni og mjöli. Þá verður verksmiðjan einnig að
hafa umráð yfir nauðsynlegum tækjum og áhöldum, sem nota þarf við skömmtun,
töku sýnishorna og efnagreiningar.

3. gr.

Hráefni, sem unnið skal innan 7 daga frá löndun, er óheimilt að rotverja.

Á tímabilinu frá 1. júní til 15. september ár hvert skal þó heimilt að rotverja
hráefni, sem geymt skal lengur en fjóra daga frá löndun.

4. gr.

Natrium nitrit (hreint efni eða upplausn) má aldrei nota sér til rotvarnar, heldur skal aðeins heimilt að nota eftirtalдар blöndur:

- a) Blöndu A, sem inniheldur 12.5 kg nitrit og 25 kg formalin í 100 lítrum af upplausn, skal heimilt að nota allt árið.
- b) Á tímabilinu frá 1. júní til 15. september ár hvert skal heimilt að nota blöndu B, sem inniheldur 20 kg nitrit og 50 kg formalin í 100 lítrum af upplausn, ef langur geymslutími er fyrirhugaður. Formalin eitt sér eða blandað vatni, skal heimilt að nota til rotvarnar með styrkleika allt að 1% í hráefni.

Um heppilega skammta af ofanskráðum blöndum gefur Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins út fyrirmæli a. m. k. árlega.

5. gr.

Hráefni (sild, loðna og annar bræðslufiskur) má aldrei innihalda meira en 0.15 % nitrit, þegar það er unnið. Skytt er vinnslustjóra (verksmiðjustjóra) að sjá svo um að aldrei sé hafin vinnsla úr geymsluhólfi (þró, tanki o. s. frv.) fyrr en sýnishorn, tekið samkvæmt reglum Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, reynist innihalda minna en 0.15% nitrit.

Bannað er að blanda saman rotvörðu og órotvörðu hráefni, nema nitritinnihald þess rotvarða sé einnig minna en 0.15 %.

Ákvarða skal nitrit minnst tvisvar í viku í hverju nitritrotvörðu geymsluhólfi, og skulu niðurstöður bókfærðar.

Nitritákvarðanir í soði skulu gerðar minnst einu sinni á sólarhring og skulu niðurstöður bókfærðar.

6. gr.

Í nýframleiddu mjöli má aldrei vera meira en 0.2 % natriumnitrit.

Ef efnagreining leiðir í ljós, að ákveðið mjölmagn innihaldi meira en 0.2 % natriumnitrit á framleiðsludegi, ber vinnslustjóra (verksmiðjustjóra) tafarlaust að tilkynna það Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins með símskeyti.

Mjöl, sem inniheldur meira en 0.2 % natrium nitrit, verður að aðgreina og auðkenna sérstaklega í mjölmúsum og er bannað að ráðstafa því nema með leyfi Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins. Skal gera ráðstafanir til að fjarlægja nitritefni úr þessu mjöli, samkvæmt fyrirmælum, sem Rannsóknarstofnunin gefur út.

7. gr.

Í öllum verksmiðjum, sem nota rotvarnarefni, er skytt að halda dagbók eftir reglum, sem Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins setur. Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins er heimill aðgangur að dagbókunum, og skoðun þeirra og getur krafizt að fá endurrit úr þeim hvenær sem er.

8. gr.

Í verksmiðjum, sem hafa óuppleyst natriumnitrit í vörzlum sínum, ber að geyma það í sérstökum læstum geymslum. Ef því verður viðkomið, skulu geymslur þessar vera eldtraustar. Ekki mega óviðkomandi menn hafa aðgang að þeim.

9. gr.

Notkun nitritefna um borð í veiðiskípum er óheimil.

10. gr.

Í flutningaskipi má ekki nota nitritefni við geymslu á bræðslusild, nema að fengnu leyfi Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins. Rannsóknastofnunin getur afturkallað slík leyfi fyrirvaralaust, ef notkunareglum er ekki fylgt.

11. gr.

Leyfi til notkunar nitritefna um borð í flutningaskipi verður því aðeins veitt, að það hafi umráð yfir nauðsynlegum tækjum, sem nota þarf við skömmtun rotvarnarefnanna, og að skipið flytji einungis bræðslufisk á þeirri vertíð, er það notar nitritefni.

12. gr.

Í flutningaskipi, er notar ofangreint rotvarnarefni, er skylt að halda dagbók eftir reglum, sem Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins setur, og skal afhenda verksmiðju þeirri, er tekur við farminum, afrit af dagbókinni, þar sem gerð er grein fyrir rotvörn farmsins.

13. gr.

Því aðeins er heimilt að landa nitritvörðum fiski til verksmiðju, að hún hafi leyfi til notkunar nitritefna.

14. gr.

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins hefur á hendi eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar.

15. gr.

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins getur breytt ákvæðunum um leyfilegar nitritblöndur (sjá grein 4) eða bannað notkun, nema ákveðinna skammta af þeim, ef henni þykir við þurfa, og séu verksmiðjunum tilkynntar breytingar.

16. gr.

Atriði, sem varða meðferð og notkun rotvarnarefna og ekki eru ákvæði um í reglugerð þessari eða fyrirmælum, sem Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins setur samkvæmt henni, skal bera undir úrskurð Rannsóknastofnunarinnar.

17. gr.

Brot gegn reglugerð þessari eða fyrirmælum, sem sett kunna að verða samkvæmt henni, varða sviptingu leyfis til notkunar nitrits til rotvarnar og sektum.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 92 3. maí 1935, um meðferð, verkun og útflutning á sjávarvörum, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 247 30. desember 1965, um notkun rotvarnarefna til geymslu á sild, loðnu og öðrum bræðslufiski.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 6. júní 1967.

Eggert G. Þorsteinsson.

Gunnlaugur E. Briem.